

Ár 2007, 12. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forsetaritara

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögunum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lögin um kjararáð tóku gildi, sæta ákvörðunum þriggja manna kjararáðs, þar til kjararáð hefur ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná. Forsetaritari heyrir undir kjararáð samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 19. mars 2007 frá forsetaritari þar sem hann óskaði eftir að launakjör hans yrðu endurskoðuð og launakjör ráðuneytisstjóra í öðrum ráðuneytum en forsætisráðuneyti höfð til viðmiðunar við þá endurskoðun. Í bréfinu sagði að skrifstofa forseta Íslands væri sjálfstæð og heyrði ekki undir neitt ráðuneyti þó að góð samvinna væri við utanríkisráðuneyti um samskipti við erlenda þjóðhöfðingja og forsætisráðuneyti um húsakost á Bessastöðum og fjármál embættisins. Þann 19. desember 2005 hafi forsætisráðherra og forseti Íslands undirritað verklagsreglur um starfssvið forsetaritara varðandi stjórn fjármála embættis forseta Íslands. Þar sé skýrt tekið fram að endanlegt vald í málefnum embættis forseta sé í höndum forseta Íslands og forsetaritari beri óskoraða ábyrgð á rekstri embættisins og fjármálastjórn í umboði hans.

Með bréfum dagsettum 26. mars 2007 var fjármálaráðuneytinu og forseta Íslands gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 4. apríl 2007. Í bréfinu sagði að ráðuneytið teldi eðlilegt að kjararáð horfði til launa sendiherra og ráðuneytisstjóra þegar laun forsetaritara væru ákveðin. Í svari forseta Íslands dagsettu 14. apríl 2007 sagði að starf forsetaritara hefði breyst mikið á undanförunum árum og teldi hann brýnt að tekið yrði tillit til þess við ákvörðun um launakjör hans, ekki sist með hliðsjón af mikilvægi embættisins fyrir stjórnkerfið og stöðu íslenska lýðveldisins. Mikilvægt væri að launakjör forsetaritara væru í samræmi við launakjör æðstu embættismanna íslenska stjórnkerfisins og að þau væru á þann veg að til starfsins fengjust einstaklingar sem hefðu til að bera hæfni og reynslu sem gerði þeim kleift að sinna þessu mikilvæga embætti. Umsvif forsetaembættisins hefðu aukist verulega vegna vaxandi athafna forseta Íslands, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Forsetaritari væri formlega æðsti yfirmaður allrar starfsemi forsetaembættisins bæði á skrifstofunni og á Bessastöðum. Nýjar verklagsreglur, sem tekið hefðu gildi 1. janúar 2006, undirstrikuðu skýra embættislega og rekstrarlega ábyrgð hans í umboði forseta Íslands á allri starfsemi embættisins. Hann væri helsti trúnaðarmaður forseta Íslands, talsmaður hans og erindreki gagnvart öllum þeim aðilum sem forseti þarf að hafa samskipti við eða afla upplýsinga frá. Hann gegndi mikilvægu hlutverki í samskiptum embættisins við ráðuneyti og Alþingi. Hann ætti reglulega fundi með ráðuneytisstjórum forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis og væri sérstakur samstarfsaðili þeirra. Trúnaðarsamband forseta Íslands og forsetaritara væri lykilatriði í farsælu starfi

forsetans. Forsetaritari væri sá embættismaður íslenska lýðveldisins sem ásamt ráðuneytisstjórum í forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti annaðist mikilvægustu samskipti Íslands við erlend ríki, erlenda þjóðhöfðingja og aðra ráðamenn, stjórnendur og forystuaðila helstu alþjóðastofnana sem og fjölmarga erlenda áhrifaaðila í viðskiptum, alþjóðasamvinnu og menningarstarfsemi. Ásamt fyrrgreindum ráðuneytisstjórum væri hann því sá embættismaður sem mótaði fyrir Íslands hönd mjög þann árangur sem næðist í slíkum samskiptum við lykilaðila erlendis. Víðtæk alþjóðleg reynsla, kunnátta í tungumálum og hæfni til framgöngu í alþjóðlegum samskiptum væru því lykilatriði til að forsetaritariembættið skilaði árangri til hagsbóta fyrir íslenska lýðveldið. Í ljósi alls þessa væri það brýnt hagsmunamál fyrir lýðveldið og íslenska þjóð að kjör og aðbúnaður embættis forsetaritara væri með þeim hætti að til starfsins fengjust einstaklingar sem hefðu til að bera menntun, starfsreynslu og persónulega eiginleika sem gerðu þeim kleift að starfa í samræmi við hagsmuni þjóðhöfðingja Íslands, íslenskrar þjóðar og lýðveldisins.

III.

Í verklagsreglum sem forseti Íslands og forsætisráðherra undirrituðu 9. desember 2005 segir að með reglunum sé starfssvið forsetaritara varðandi stjórn fjármála hjá embættinu skýrar afmarkað af hálfu hins opinbera en verið hafi. Segir að forsetaritari skuli bera skýra ábyrgð á fjármálastjórn embættisins í umboði forseta. Honum beri að stýra starfsemi embættisins í samræmi við fjárlög og fjárhagsáætlun þannig að ekki verði halli á rekstri og skuli hann upplýsa forseta um hvort ákvarðanir hans rúmist innan fjárhagsramma embættisins.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun forsetaritara. Kjaranefnd úrskurðaði síðast um laun hans 4. maí 1999. Starf forsetaritara er um margt sérstakt og þess eðlis að það á sér ekki beina hliðstæðu innan stjórnkerfisins. Helst má líkja því við störf sendiherra og að sumu leyti einnig við störf ráðuneytisstjóra. Forsetaritari er yfirmaður allrar starfsemi forsetaembættisins, bæði á skrifstofunni og á Bessastöðum og hefur formleg ábyrgð hans á fjármálum embættisins verið aukin. Kjararáð telur með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan svo og stöðu hans og embættis forseta Íslands, rétt að færa laun hans nær launum ráðuneytisstjóra.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forsetaritara skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2007 skulu mánaðarlaun forsetarítara vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 134, nú 626.818 krónur. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forsetarítara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir